

355. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 20. febrúar 2025 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:30.**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir
Auður Kjartansdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bærarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn og gesti velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

- 1) Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga, dags. 11. febrúar 2025, varðandi framboð í stjórn LS.**
Lagt fram til kynningar.
- 2) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 17. febrúar 2025, varðandi fréttatilkynningu stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum og stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga vegna yfirlýsingar ráðherra um breytingar á raforkulögum og lögum um stjórn vatnamála.**
Lagt fram til kynningar.
- 3) Bréf frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga, dags. 13. febrúar 2025, varðandi skólaakstur við FSN á haustönn 2024.**
Lagt fram til kynningar.
- 4) Umsókn frá Kristínu Olsen, dags. 13. desember 2024, um að fá að halda hundinn Skara.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 5) Umsókn frá Sæunni Ágústsdóttur, ódags., um að fá að halda hundinn Mola.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 6) Vegamál á Snæfellsnesi og á Vesturlandi.**
Mikil umræða hefur verið um vegamál á Snæfellsnesi undanfarin ár, enda ástand veganna með öllu ólíðandi. Undanfarnar vikur hefur ástandið versnað til muna og er svo komið að vegakerfið er að verða stórhættulegt og stofnar öryggi vegfarenda í hættu. Það verður líka að taka tillit til þess að um þessa vegi fara ekki einungis heimamenn heldur líka ferðamenn sem hafa ekki sömu reynslu og þekkingu til að keyra á ónýtum vegum. Sjúkraflutningar og aðrir viðbragðsaðilar á svæðinu þurfa að fara um þessa vegi og mikilvægt að vegakerfið stofni þessum samgöngum ekki í hættu.
Bæjarstjórnir á Snæfellsnesi og á Vesturlandi hafa átt marga fundi það sem af er árinu með Vegagerðinni, ráðherrum og þingmönnum kjördæmisins, ásamt því að í maí 2024 var haldinn sérstakur fundur með alþingismönnum á Breiðabliki, vegna viðvarandi vandamála með vegakerfið á svæðinu. Bæjarstjóri hefur jafnframt átt fjölmörg samtöl og önnur samskipti við stjórnvöld, þingmenn og Vegagerðina vegna þessa.
Bæjarráð Snæfellsbæjar tekur heilshugar undir bókun bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar frá síðasta fundi þeirra þann 13. febrúar s.l., og lýsir yfir þungum áhyggjum af síversnandi og hættulegu ástandi þjóðvega á Snæfellsnesi, ástandi sem er að stórum hluta til komið vegna skorts á viðhlítandi viðhaldi.

Vill bæjarráð Snæfellsbæjar jafnframt benda á að þungaflutningar eru nauðsynlegir atvinnulífinu á Snæfellsnesi, eins og í öðrum sjávarbyggðum, og því er lausnin ekki sú að þeir séu takmarkaðir.

Bæjarráð Snæfellsbæjar skorar á stjórnvöld að tryggja Vegagerðinni nú þegar það fjármagn sem þarf til að gera viðvarandi úrbætur á vegakerfinu strax í vor, úrbætur sem þola nauðsynlega þungaflutninga jafnframt aukinni umferð heimamanna og ferðamanna.

7) **Minnispunktur bæjarstjóra.**

a) Rætt var um verkfall leikskólakennara í Snæfellsbæ. Bæjarráð samþykkti eftirfarandi bókun:

„Bæjarráð Snæfellsbæjar styður þann grundvallarrétt launþega til að leggja niður störf í þeim tilgangi að knýja fram betri kjör eða önnur réttindi í kjarasamningum.

Bæjarráð lýsir þó furðu sinni á því að stjórn KÍ skuli halda til streitu verkfalli í Snæfellsbæ, þar sem einungis 6 starfsmenn af 28 eru í verkfalli að berjast einir á öllu landinu fyrir betri kjörum leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólakennara, í stað þess að fresta því þar til ný og fjölmennari verkföll byrja.

Verkfall leikskólakennara í Snæfellsbæ hefur sannarlega töluverð áhrif á foreldra og börn í sveitarfélaginu, þó verður að segjast að það hefur takmörkuð áhrif á kjarabaráttu kennara á landsvísu. Ólíklegt má telja að verkfall í Snæfellsbæ, einum og sér, geti haft mikil áhrif á stórar samningaviðræður eða kjaramál á landsvísu.“


b) Bæjarstjóri sagði frá því að Margrét Björk Björnsdóttir kemur inn á fund bæjarstjórnar í mars til að kynna markaðsmál og kynningar í ferðapjónustu.

c) Bæjarstjóri og bæjarritari fóru yfir málefni Jaðars.


d) Bæjarstjóri sagði frá því að búið er að leggja fram nýtt frumvarp um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:22


Júniana Björg Ottarsdóttir


Auður Kjartansdóttir


Fríða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Olafardóttir, bæjarritari